

Þriðjudaginn 16. janúar 1940.

Nr. 4/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélagsins  
Baldurs á Ísafirði**  
gegn  
**Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Íshúsfélags  
Ísfirðinga.**

#### Úrskurður.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt að leita í því frekari upplýsinga og verður því með tilvísun til 56. gr. laga nr. 80/1938 að leggja fyrir aðilja máls þessa, að afla fyllri upplýsinga um eftirtalin atriði:

1. Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, virðast ekki hafa verið skriflegir kjarasamningar milli málsaðilja fyrir 21. maí 1938. Ber því að upplýsa hvort stefnandi hafði í kauptöxtum sínum fyrir nefndan dag ákvæði um vinnu þá, er um er deilt, og ef svo var, skulu kauptaxtarnir lagðir fram.

2. Þá skal það og upplýst, hvort h/f Fiskimjöl á Ísafirði sendi frá sér útflutningsvöru á tímabilinu frá 21. maí 1938 til 20. febr. 1939 og ef svo var, hvort meðlimir verklýðsfélagsins Baldurs unnu að þeirri vinnu, og hvort þar er um svipaða eða hliðstæða aðstöðu að ræða óg hjá stefndum í máli þessu.

3. Loks ber að upplýsa, hvenær stefndi byrjaði eftir 21. maí 1938, að greiða „skipavinnukaup“ fyrir að setja útflutningsvörur hans á bíla þá, er fluttu þær til skips, og hvort hann hafði greitt dagvinnukaup fyrir slíka vinnu eftir 21. maí 1938, áður en hann greiddi hana með „skipavinnukaupi“ því, sem hann telur hafa verið greitt í ógáti.

**Því úrskurðast:**

Aðiljum máls þessa ber að veita upplýsingar um framantalin atriði svo fljótt sem verða má.